



TOLLSTJÓRI

TOLLSKRÁ 2012

Meginbreytingar frá tollskrá
2007

Sveinbjörn Guðmundsson
Trausti Freyr Reynisson



Hvers vegna breytingar?

- Tollskráin er lifandi skjal sem endurspeglar aðstæður í alþjóðasamfélaginu
- WCO (Alþjóðatollastofnunin) fundar nokkrum sinnum á ári og tekur fyrir hin ýmsu ágreinings- eða álitamál
- Á 5 ára fresti er niðurstöðunum safnað saman og ný tollskrá gefin út. Hún byggir á gömlu skránni og samþykktum breytingum



Helstu forsendur breytinga

- Umfang í alþjóðaviðskiptum
- Eftirlit vegna matvælaöryggis (tillögur frá Alþjóðamatvælast.)
- Umhverfis- og félagsleg sjónarmið
- Tækniframfarir
- Breyttir viðskiptahættir
- Orðalagsbreytingar til að gera texta skýrari og tryggja þannig betur samræmda flokkun



Tegund breytinga

- Sameiningar:
Sum tollskrárnúmer (framvegis tnr.) falla brott og vörur sem þar voru flokkaðar eru settar ásamt öðrum í annað númer
- Uppskiptingar:
Ný tnr. eru búin til og vörur dregnar úr öðrum númerum og settar í hið nýja númer
- Endurskilgreiningar:
Skerpt er á texta til að samræma flokkun; Vörusvið endurskilgreint en við það geta vörur færst til, jafnvel milli kafla og flokka



Dæmi um sameiningar

- Tnr. 7319.2000 – Öryggisnælur og tnr. 7319.3000 – Aðrir þjónar eru lögð niður og sameinuð í nýtt númer tnr. 7319.4000 – Öryggisnælur og þjónar
- Tnr. 2916.3500 – Esterar fenylediksýru er felld út og vörur þess nú flokkaðar í tnr. 2916.3900 - Annað



Dæmi um uppskiptingar

- Tnr. 0208.6000 – Úlfaldar er nýtt númer. Vörur þess koma úr tnr. 0208.9019 – Annars
- Númerinu 0207.3*** - Kjöt af öndum, gæsum eða perluhænsnum er skipt upp í þrennt:
 - 0207.4*** - Af öndum
 - 0207.5*** - Af gæsum
 - 0207.6*** - Af perluhænsnum



Dæmi um skerpingu á texta

- Ný athugasemd við 30. kafla hljómar svo:

Framleiðsla, eins og töflur, tyggigúmmí eða plástrar (fyrir gegnflæði um húð), ætlaðar til að aðstoða reykingafólk að hætta reykingum (vöruliður 2106 eða 3824)

Þessi athugasemd tekur af allan vafa um að nikótínplástrar eiga ekki heima í 30. kafla.



Dæmi um endurskilgreiningu

- Við fyrirsögn númerans 0208.4*** - Af hvölum, höfrungum og hnísum (spendýrum af tegundinni *Cetacea*); af sækúm (manati og dugong)(spendýrum af ættbálknum *Sirenia*) bætist eftirfarandi texti: ; af selum, sæljónum og rostungum (spendýrum af ættbálknum *Pinnipedia*)

Við þetta færast selir ofl. úr 0208.9*** skiptingunni í 0208.4*** skiptinguna



Umfang breytinga

- Umfangsmestu breytingarnar eiga sér stað í 3. kafla (Fiskur og fiskafurðir)
- Tæplega 600 númer falla úr gildi
- U.þ.b. 900 ný númer taka gildi



Hér á eftir fylgir listi yfir helstu breytingar sem áttu sér stað.

Athugið að þessi listi er ekki tæmandi. [Á vef tollstjóra](#) má finna hlekk á auglýsinguna um breytingarnar nr. 154/2011



1. og 2. kafli

- Mikið er um nýjar uppskiptingar í köflunum yfir lifandi dýr og afurðir af þeim



3. kafli

- 3. kafli breytist töluvert
- Vöruliður **0301** breytist minnst en þó er eitthvað um uppskiptingar
- Í vörulið **0302** breytist uppröðunin á tegundunum þannig að skyldum tegundum er hópað saman. T.d. er síld, makrill, sardínur og skyldar tegundir settar undir sama undirliði í nýju skránni.
- Flatfisknum hefur verið skipt upp í nokkra undirliði í tnr. **0302.29**



3. kafli

- Búið er að færa allar þorskfiskaættirnar í einn undirlið **0302.5***** þar sem þeim er svo skipt upp eftir tegundum. T.d. þorskur (**0302.51**), ýsa (**0302.52**), ufsi (**0302.53**) og kolmunni (**0302.56**).
- Einnig er kominn nýr undirliður fyrir beitarfisk (Tilapia) og nokkra algenga vatnafiska, tnr. **0302.7***** vegna aukinna alþjóðaviðskipta með þessar tegundir.



3. kafli

- Vöruliður **0303** (frystur fiskur) breytist á mjög svipaðan hátt og vöruliður **0302**
- Uppröðun vöruliðarins **0304** breytist verulega.
- Ath. að í vörulið **0304** flokkast bæði frystar vörur og ófrystar (eins og áður).



Uppröðun **0304** eins og vöruliðurinn var í 2007 skránni

- **0304 Fiskflök og annað fiskkjöt (einnig hakkað), nýtt, kælt eða fryst**
 - Nýtt eða kælt (bæði flök og beinlausir bitar)
 - Fryst flök
 - Annað



Uppröðun **0304** í 2012 skránni

- **0304 Fiskflök og annað fiskkjöt (einnig hakkað), nýtt, kælt eða fryst**
 - Ný eða kæld flök af tilteknum ættum og tegundum
 - Annað nýtt eða kælt (annað en flök, t.d. bitar, hakk ofl.)

 - Fryst flök af tilteknum ættum og tegundum
 - Annað fryst (t.d. bitar, hakk ofl)



Dæmi

- 0304
 - Ný eða kæld flök af beitarfiski:
 - Ný eða kæld flök af öðrum fisktegundum:
 - - Lax
 - - Silungur
 - - Flatfiskur
 - - Fisktegundir af þorskaættum [...]
 - - Önnur
 - Annað, nýtt eða kælt: [...]



3. kafli

- Vegna þess að fleiri tegundir hafa fengið sér undirliði færast mikið af líkum vörutegundum sem áður voru í sama undirliði í hina nýju undirliði
- T.d. roðflettir og beinlausir bitar sem áður voru allir í tnr. **0304.1941** til **0304.1949** eru núna í tnr. **0304.5311** til **0304.5319** og **0304.5911** til **0304.5919**



3. kafli

- Athygli er vakin á því að í 2007 tollskránni var gert ráð fyrir bitum með beini í vörulið **0304**. Staðreyndin er hins vegar sú að í **0304** má ekki flokka vörur með beini
- Kinnar og fiskfés (í 2007 skránni tnr. **0304.9922** og tnr. **0304.9923**) flokkast nú eftir atvikum í vöruliði **0302** og **0303**



3. kafli

- Sama er uppi á teningnum í vörulið **0305** eins og í númerunum á undan. Þ.e. fleiri fisktegundir fá sér undirliði, sem gerir það að verkum að tegundirnar færast til
- Fiskuggar, hausar, sporðar, magar og annar ætur fiskiúrgangur hafa fengið sér skiptingu í niðurlagi vöruliðarins.
Tnr. **0305.7*****



3. kafli

- Í vöruliðum **0306**, **0307** og **0308** eru fyrirsagnirnar endurskilgreindar með þeim hætti að nú mega reykt krabbadýr, lindýr og aðrir sjávar- og vatnahrygggleysingjar vera soðin fyrir eða soðna við reykingu.
- Í þeim undirliðum sem búnir voru til fyrir þessar reyktu vörur er 10% A tollur



3. kafli

- Athygli er vakin á því að Humar (*Homarus*) í undirliðum **0306.12****, **0306.22**** og **1605.30** er ekki sú humartegund sem veiðist hér við land.
- Humarinn sem veiðist hér við land er leturhumar (*Nephrops norvegicus*) sem flokkast í tnr. **0306.15****, **0306.25**** og **1605.40**



3. kafli

- Vöruliðnum **0307** hefur verið skipt í tvo vöruliði. Þeir eru **0307** og **0308**.
- Í **0307** eru eftir sem áður lindýr en í **0308** færast aðrir vatna- og sjávarhrygggleysingjar



27. kafli

- Jarðolíur (t.d. bensín) í 2710 hefur verið skipt upp í tvo undirliði. Annars vegar þær sem innihalda ekkert lífdísel (2710.1^{***}) og hins vegar þær sem innihalda allt að 30% lífdísel (2710.2^{***}).
- Olíur sem innihalda meira en 30% af lífdísel flokkast í nýjan vörulið 3826.0000



85. kafli og 96. kafli

- Í vörulið **8523** eru nú komnir undirliðir fyrir bókartexta á rafrænu formi en þau númer bera aðeins 7% vsk.
- Dömubindi, tíðatappar, bleiur og þess háttar vörur, úr hverskonar efni, er nú flokkað í vörulið 9619 sem er nýr. Þessum vörum er nú frávísað úr þeim köflum sem þær flokkuðust áður.



Fin

Þetta var aðeins ágríp af þeim breytingum sem orðið hafa. Til að kynna sér breytingarnar ýtarlega er áhugasömum bent á vefsíðu tollstjóra www.tollur.is

